



Félagsþjónusta Norðurþings

Ketilbraut 7 - 9 640 Húsavík
Netfang: nordurthing@nordurthing.is

Sími: 4646 100 fax: 4646 101
Veffang: www.nordurthing.is

Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá og hjá barnaverndaryfirvöldum

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, í lögum um grunnskóla nr. 91/1998 og í æskulýðslögum nr. 70/2007 kemur fram að óheimilt sé að ráða til starfa aðila sem sinna börnum og ungmennum í starfi sínu sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

Í stefnumótandi framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt hefur verið á árinu 2008 hjá sveitarfélaginu Norðurþingi og Langanesbyggð kemur eftirfarandi fram:

„Mælt er til þess að aðilar verði ekki ráðnir í vinnu með börnum (s.s. grunnskóla- og leikskólakennarar eða annað starfsfólk skóla og leikskóla, leiðbeinendur á námskeiðum fyrir börn) fyrr en sakavottorð og dagbókarfærslur lögreglu hafa fengist um viðkomandi aðila. Einnig eru skólar, leikskólar og aðrir sem ráða fólk í vinnu með börnum t.d. dagforeldrar, hvattir til þess að leita eftir samþykki viðkomandi til að fá upplýsingar um hvort viðkomandi hafi verið tilkynntur til barnaverndaryfirvalda fyrir vanrækslu eða ofbeldi á hendur eigin barna eða annarra.“

Undirrituð/undirritaður umsækjandi um starf við _____ veitir skólastjóra/vinnuveitanda heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá og dagbókarfærslum lögreglu varðandi eftirfarandi brotaflokka:

1. Kynferðisafbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk)
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ára en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Undirrituð/undirritaður umsækjandi um starf við _____ veitir skólastjóra/vinnuveitanda heimild til að afla upplýsinga frá Félagsþjónustu Norðurþings varðandi eftirfarandi atriði:

1. Barnaverndartilkynningar sem fela í sér líkamlegt, kynferðislegt eða tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barni eða börnum
2. Barnaverndartilkynningar sem fela í sér vanrækslu barns eða barna af einhverju tagi

Undirskrift og kennitala umsækjanda



Félagsþjónusta Norðurþings

Ketilbraut 7 - 9 640 Húsavík
Netfang: nordurthing@nordurthing.is

Sími: 4646 100 fax: 4646 101
Veffang: www.nordurthing.is

Markmiðið með upplýsingaöflun þessari er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið grunaður um eða fundinn sekur um að beita barn ofbeldi eða vanrækja það. Ef viðkomandi hefur verið fundinn sekur um að beita barn kynferðislegu ofbeldi telst hann/hún ekki hæfur til að gegna starfinu. Ef viðkomandi hefur fundist sekur um annars konar brot gegn börnum eða tilkynnt hefur verið um vanrækslu af hálfu viðkomandi er metið í hverju tilfalli hvort viðkomandi teljist hæfur til að sinna starfinu eða ekki. Við það mat er litið til þess hvenær brotið eða vanrækslan fór fram, eðli brotsins/vanrækslunnar og alvarleika.

Þær upplýsingar sem hér um ræðir teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur söfnun þeirra, notkun og önnur vinnsla almennt undir gildissvið laganna. Ábyrgðaraðila/sveitarfélagi er skylt skv. 11. gr. laganna að gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanair til að vernda persónuupplýsingar þessar, þar á meðal gegn óleyfilegum aðgangi. Viðkomandi á m.a. rétt á að fá vitneskju um þær ráðstafanir sem gerðar eru í þessum efnum sem og hvaða upplýsingar hafa borist um hann og efni þeirra, sbr. 18. gr. laganna.

Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999 með síðari breytingum (reglugerðir nr. 451/2007 og 716/2007). Ákvæði um færslu upplýsinga í sakaskrá eru í II. kafla reglugerðarinnar.